



NORRÆNN BYGGINGARDAGUR – NBD

FUNDARGERÐ – STJÓRNARFUNDUR

Fundarstaður: Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7A, fundaherbergi FSR
Dagsetning: 26. júlí 2012
Fundarmenn: Smári Þorvaldsson, formaður, SP
Magnús K. Sigurjónsson, ritari, MKS
Eyjólfur Bjarnason, gjaldkeri, EB
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, ÁS
Jóhanna B. Hansen, JBH

Yfirlit um stöðu mála á Íslandi

Rætt var um stöðu mála í byggingariðnaðinum svo og á fasteigna- og leigumarkaðinum. Þegar kreppan skall á haustið 2008 fór byggingariðnaðurinn nánast í rúst. Þá hafði í nokkur ár verið byggt langt fram yfir þarfir og varð mikið offramboð á húsnæði. Gengishækkunar leiddu til mikillar hækkunar byggingarkostnaðar og byggingariðnaðurinn hefur ekki náð sér á strik þótt nokkuð sé verið að byggja af námsmannaíbúðum, endurbótum íbúðarhúsnæðis og lokið við hálfklárað íbúðarhúsnæði. Því miður er fátt sem bendir til annars en að staða mála í byggingariðnaðinum verði áfram slæm og einnig staðan á fasteigna- og leigumarkaði.

Samskipti við NBD deildir á Norðurlöndum

SP sagði að lítið væri að gerast á vegum NBD deilda á Norðurlöndum, Finnar og Svíar halda þó sínu striki, Danir eru aftur að treysta samstarfið en ekki Norðmenn. Þar sem ekki hefur verið boðað til samráðsfundar NBD stjórnanna mun ljóst að ekki verði af ráðstefnu í Noregi 2013.

Fjármál

EB skýrði frá stöðu fjármála félagsins. Reikningar vegna félagsgjalda voru sendir út af Þrep ehf. í lok maí 2012 og hafa 18 – 20 aðilar greitt. Er staða sjóðsins nú um 2,8 m.kr.

NBD ráðstefna 2015, umfjöllunarefni

Rætt var um mögulegt umfjöllunarefni ráðstefnunnar. Ákveðið var að ráði SP að meginefnið verði “Skipulag” og þá meðal annars hvernig rangt skipulag leiddi öðru fremur af sér hrun byggingariðnaðarins og hvaða aðferðir eru til að fá fram réttar forsendur og betra skipulag.

Heimasíða NBD á Íslandi

MKS hefur unnið nýja heimasíðu NBD á Íslandi. Fannst hagstæður möguleiki, þ.e. að nota Wordpress sem býður ókeypis vefumsjónarkerfi og vistun á síðum. MKS kynnti heimasíðuna á fundinum, sem er á slóðinni <http://nbdisland.wordpress.com>, þar eru tenglar á megin síður og fréttir með myndum, fundargerðar þessarar stjórnar og pdf af sögu NBD. Rætt var um síðuna og var hún samþykkt. Er stefnt að því að færa hana yfir á www.nbd.is

Önnur mál

SP lagði til að haldið yrði málþing (seminar) sem yrði í haust og yrði þemað tengt því sem áður var nefnt um skipulag, svo sem um orsakir og viðbrögð. Ákveðið var að stefna að þessu.

ÁS og JBH var falið að skoða nánar efnið og athuga með fyrirlesara og tímasetningu í samráði við formann.

SP benti á það sem segir í lögum félagsins um aðalfund og skipun stjórnar.

EB mun fara yfir möguleika varðandi öflun styrktaraðila. Einnig mun hann annast yfirferð á lista aðila NBD á Íslandi áður en uppfærsla fer fram á heimasíðunni.

MKS vakti hann athygli á möguleika á að gera skil aðstöðu á ferðamannastöðum, atvinnugrein sem er í grósku, en ritið Góðir staðir, leiðbeiningarrit um uppbyggingu ferðamannastaða, sem FSR kom að, eru auk annars taldar leiða til framfara í þeim geira.

Næsti fundur verður haldinn á bilinu miðjum ágúst til miðs september.

Ritað MKS